Genie
A TEREX BRAND

Stjórnandahandbók

Genie®
Super Hoist®

Translation of Original Instructions
Fourth Edition
Third Printing
Part No. 82297ISGT

Mikilvægt

Lestu, skildu og hlýddu þessum öryggisreglum og notkunarleiðbeiningum áður en þú notar þessa vél. Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk hefur leyfi til að nota þessa vél. Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni þinni og hún ætti alltaf að fylgja vélinni. Ef spurningar vakna skaltu hafa samband við okkur.

Hafðu samband við okkur:

Internet: www.genielift.com

Tölvupóstur: awp.techpub@terex.com

Efni

Inngangur 1
Öryggisreglur 2
Skoðun fyrir notkun 5
Virknipróf 7
Skoðun á vinnusvæði 9
Notkunarleiðbeiningar 10
Viðhaldsáætlun 12
Límmiðar 13
Tæknilýsing 14

Höfundarréttur © 1993 Terex Corporation

Fjórða útgáfa: Þriðja prentun, apríl 2022

„Genie“ og „Super Hoist“ eru skrásett vörumerki Terex South Dakota, Inc. í Bandaríkjunum og mörgum öðrum löndum.

„GH“ er vörumerki Terex South Dakota, Inc.

Inngangur



Hætta

Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Þú forðist hættulegar aðstæður.

Þekktu og skildu öryggisreglurnar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum—öryggis- og stjórnandahandbókum og límmiðum á vélinni.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öryggisreglum vinnuveitanda og reglum vinnusvæðisins.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öllum viðeigandi stjórnarreglugerðum.

☑ Þú hafir rétta þjálfun til að nota vélina á öruggan hátt.

Öryggisreglur

⚠ Hætta á veltu

Ekki nota þessa vél til að lyfta fólki. Hún er eingöngu ætluð til þess að lyfta hlutum.




Ekki standa á pallinum.

Ekki hækka pallinn nema vélin standi á traustri jafnsléttu.

Ekki hækka pallinn nema allir fæturnir séu læstir niðri og búið sé að læsa öllum hjólabremsum.

Ekki lyfta pallinum nema farmurinn sé í miðjunni og búið að festa hann með reipi eða ólum.

Ekki færa vélina á meðan pallurinn er á lofti.




Ekki nota vélina í sterkum vindi eða vindhviðum. Ef yfirborðsflötur farms er aukinn minnkar jafnvægi vélarinnar í vindi.

Farðu ekki yfir hámarksburðargetu pallsins.



GH 3.8	
Hæð palls	**Hámarksburðargeta pallsins**
3,8 m/12 fet 5,625 tommur	158 kg/350 pund





GH 5.6	
Hæð palls	**Hámarksburðargeta pallsins**
3,8 m/12 fet 5,625 tommur	158 kg/350 pund
5,6 m/18 fet 4,5 tommur	68 kg/150 pund

Ekki setja stiga eða vinnupalla upp við neinn hluta þessarar vélar.

Ekki nota vélina á yfirborði eða farartæki sem er hreyfanlegt eða á hreyfingu.

Lækkaðu pallinn þegar í stað ef hann sveigist til hliðar eða hallar fram.

Öryggisreglur

⚠ Hætta á raflosti

Þessi vél hefur ekki verið einangruð fyrir rafmagni og mun því ekki veita vörn gegn snertingu eða nálægð við rafstraum.

Ekki nota vélina ef rafmagnslínur eru í innan við þriggja metra fjarlægð fyrir ofan hana.

Ekki snerta vélina ef hún snertir raflínur með straumi á eða verður rafhlaðin.

⚠ Árekstrarhætta

Ekki lækka pallinn nema hvorki séu hindranir né starfsfólk á svæðinu fyrir neðan.


Ekki lyfta pallinum nema farmurinn sé í miðjunni og búið að festa hann með reipi eða ólum.

Ekki standa undir vélinni eða leyfa starfsfólki að standa undir henni þegar farmur er uppi.

Aðgættu hvort hindranir í lofti eða önnur hugsanleg hætta sé til staðar á vinnusvæðinu.

Ekki nota pallinn eða lyfta honum nema hann sé kirfilega fastur við rafmagnstengilinn.

Ekki bæta við farminn eða fjarlægja hann á meðan pallurinn er á lofti. Pallurinn hreyfist ef bætt er við farminn eða hann fjarlægður á meðan verið er að hækka eða lækka pallinn.



Ekki taka leiðsluna og fjarstýringuna úr sambandi þegar farmur er á pallinum. Hafðu stöðu leiðslunnar og fjarstýringarinnar í huga og gættu þess að ekki komi göt á hana, að hún kremjist ekki og að hún fari ekki í sundur.

Öryggisreglur

⚠ Hætta vegna skemmdrar vélar

Ekki nota skemmda eða bilaða vél.

⚠ Hætta vegna rangrar notkunar

Ekki skilja vélina eftir eftirlitslausa. Notkun óviðkomandi aðila gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Skoðun fyrir notkun



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

Þekktu og skildu skoðun fyrir notkun áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði skoðunar fyrir notkun

Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðunin er hönnuð til að greina hvort eitthvað gæti verið að vélinni áður en notandinn gerir virkniprófanir á henni.

Skoðaðu listann á næstu síðu og merktu við hvert atriði.

Ef skemmdir eða önnur óheimil frávik frá verksmiðjuafhentu ástandi uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun.

Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknilýsingu framleiðanda. Eftir að viðgerð er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun aftur áður en hann fer í virkniprófin.

Skoðun fyrir notkun

Skoðun fyrir notkun

- ❑ Vertu viss um að handbók stjórnanda sé heil, læsileg og þar sem hægt er að grípa til hennar.
- ❑ Gakktu úr skugga um að allir límmiðar séu til staðar og læsilegir. Sjá hlutann um límmiða.

Athugaðu með skemmdir, ranglega uppsetta hluti eða hluti sem vantar og óheimilar breytingar á eftirfarandi íhlutum eða svæðum:

Skoðaðu alla vélarhluta með eigin augum.

- ❑ Pallur og ró
- ❑ Koltvísýringskútur, festing fyrir koltvísýringskút og þrýstijafnari
- ❑ Leiðsla og fjarstýring
- ❑ Hólkur
- ❑ Grunnur, fætur, fótalásar, gormar á fótalásum og hjól

Virkniprof



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

Þekktu og skildu virkniprófin áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði í virkniprófun

Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Stjórnandinn verður að fylgja leiðbeiningunum skref fyrir skref til að prófa alla virkni vélarinnar.

Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun. Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda.

Eftir að viðgerðum er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun og virkniprof aftur áður en vélin er tekin í notkun.

Virkniprof

Ef ekki fæst rétt niðurstaða í einhverjum eftirtalinna skrefa eða ef einhverrar annarrar bilunar verður vart skal merkja vélina og taka hana úr notkun.

1 Veldu prófunarsvæði sem er traust, slétt og laust við hættur.

2 Láttu vélina standa á undirstöðunni. Opnaðu fótalásana, hvern á eftir öðrum, og láttu fæturna síga niður.

3 Taktu þétt um hólkinn og lyftu honum þannig að allir fæturnir læsist niðri.

⊙ Niðurstaða: Allir fjórir fótalásarnir ættu að smella í lokaða stöðu.

4 Staðsettu pallinn yfir rafmagnstenglinum og festu hann kirfilega með rónni.

5 Hafðu festinguna fyrir koltvísýringskútinn við hliðina á tankinum. Settu ólarnar utan um kútinn og festu kútinn rækilega við festinguna. Settu festinguna og koltvísýringskútinn á einhvern fótanna.

Ath.: Láttu tankinn vera á festingunni þar til það þarf að skipta um kút.

Virkniprof

6 Festu tengiróna á þrýstingsjafnaranum við lokann á koltvísýringskútnum og hertu. Það þarf ekki að nota skiptilykil.

⚠ AÐVÖRUN Hætta á veltu. Þrýstingurinn í þrýstijafnaranum er stilltur á hámarksburðargetu vélarinnar. Breytingar eða notkun á öðrum þrýstijafnara eða þjöppu sem fer yfir 600 kPa/90 psi gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla. Notaðu aðeins varahluti sem Genie hefur viðurkennt.

7 Tengdu leiðsluna og fjarstýringuna með því að festa enda leiðslunnar við tengið á annarri hlið þrýstijafnarans. Tengdu fjarstýringarleiðsluna við lokann neðst á hólkinum.

8 Opnaðu lokann á koltvísýringskútnum hægt og rólega með því að snúa handfanginu rangsælis.

⚠ VARÚÐ Hætta vegna skemmda á íhlutum. Ef lokinn á koltvísýringskútnum er opnaður snögglega getur þynnan í þrýstijafnaranum skemmst.

Lyfta og sig palls

9 Læstu öllum fjórum hjólabremsum.

10 Lyftu pallinum með því að ýta á upp-hnappinn á fjarstýringunni.

⊙ Niðurstaða: Öll rör ættu að framlengjast hnökralaust. Þau eiga ekki að festast.

11 Láttu pallinn síga með því að ýta á niður-hnappinn.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn á að lækka hægt og örugglega.

12 Lyftu pallinum aftur og láttu hann svo síga með því að opna fyrir handvirka lokann efst á fjarstýringunni.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn á að lækka hnökralaust og örugglega, en hraðar í þetta sinn.

Ath.: Með því að lyfta pallinum og láta hann síga tvisvar án þess að farmur sé á honum eru súlurnar smurðar.

Skoðun á vinnusvæði



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

Þekktu og skildu skoðun á vinnustað áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði við skoðun á vinnusvæði

Könnun vinnustaðar hjálpar stjórnandanum að ákvarða hvort vinnustaðurinn henti fyrir örugga notkun vélarinnar. Stjórnandinn ætti alltaf að gera slíka könnun áður en hann færir vélina inn á vinnustaðinn.

Það er á ábyrgð stjórnanda að lesa og muna hætturnar á vinnustaðnum og síðan að hafa auga með þeim og forðast þær þegar hann hreyfir, setur upp og notar vélina.

Gátlisti fyrir skoðun á vinnusvæði

Gættu þín á og forðastu eftirfarandi hættulegar aðstæður:

- ❑ þverhnípi eða holur
- ❑ ójöfnur, fyrirstöður á gólfi eða rusl
- ❑ hallandi yfirborð
- ❑ óstöðugt eða hált yfirborð
- ❑ fyrirstöður í loftinu og háspennuleiðara
- ❑ hættulegar staðsetningar
- ❑ ófullnægjandi yfirborðsstuðning til að standast alla þá álagskrafta sem vélin býr yfir
- ❑ vind og veðuraðstæður
- ❑ návist starfsfólks í leyfisleysi
- ❑ aðrar mögulegar óöruggar aðstæður

Notkunarleiðbeiningar



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði

Hlutinn með notkunarleiðbeiningum veitir leiðbeiningar um öll atriði sem lúta að notkun vélarinnar. Það er á ábyrgð stjórnandans að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í handbók stjórnanda.

Hættulegt er að nota vélina við nokkuð annað en að lyfta vörum.

Ef fleiri en einn mun nota vélina á mismunandi tímum á sömu vakt verður hver notandi að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í handbókinni. Það þýðir að hver nýr notandi ætti að framkvæma skoðun fyrir notkun, virknipróf og könnun vinnustaðar áður en hann notar vélina.

Notkunarleiðbeiningar

Þessi vél er eingöngu ætluð til nota sem vörulyfta.

Þegar vélin er ný kann hún að vera stíf vegna þéttra innsigla og frágangs. Hún verður liprari þegar hún hefur verið notuð. Vélin er smurð ræki lega við framleiðslu til að tryggja afköst og endingu. Umframolía kann að leka úr tenglinum neðst á hólkinum.

TIL ATHUGUNAR Gættu þess að olía leki ekki á gólf.

Uppsetning

Fylgdu ferlinu fyrir uppsetningu í hlutanum Virkniprof.

Lyfta og sig palls

1 Læstu öllum fjórum hjólabremsum.

2 Lyftu pallinum með því að ýta á upp-hnappinn á fjarstýringunni.

3 Láttu pallinn síga með því að ýta á niður-hnappinn.

Notkunarleiðbeiningar

Handvirk lækkun

1 Opnaðu fyrir handvirka lokann efst á fjarstýringunni.

Geymsluleiðbeiningar

1 Settu pallinn alveg niður. Lokaðu lokanum á koltvísýringskútnum með því að snúa handfanginu réttsælis. Fjarlægðu pallinn og koltvísýringskútinn. Taktu leiðsluna og fjarstýringuna úr sambandi og festu með smellunum undir pallinum.

2 Styddu við hólkinn með annarri hendi. Losaðu um næsta fótalás með hinni hendinni. Lyftu fætinum og festu hann í geymslustöðu. Endurtaktu þetta með hina fæturna þrjá.

3 Veldu öruggan geymslustað sem er öruggur fyrir veðri og vindum og úr alfaraleið. Best er að geyma vélina þannig að hún standi á grunninum til að tryggja að hún virki hnökralaust og innsiglin endist lengur.

Viðhaldsáætlun

Viðhaldsáætlun


Daglega	Kannaðu og, ef þörf krefur, hertu á eftirfarandi: tengingar, slöngur, festingar.
	Skoðaðu fótalásana til að ganga úr skugga um að þeir hreyfist eðlilega og að gormarnir virki eðlilega í öllum stöðum.
	Kannaðu hjólin og hjólalásana.
Mánaðarlega	Skoðaðu filtþurrkurnar. Fjarlægðu rusl og hreinsaðu eftir þörfum.

Límmiðar

Skoðun límmiða

Skoðaðu myndirnar á þessari síðu til að staðfesta að límmiðar séu læsilegir og á réttum stað. Hér fyrir neðan er númeraður listi með magni og lýsingu.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
32305	Viðvörun – Vélaröryggi	1
38149	Merkimiði – Einkaleyfi	1
52980	Skraut – Genie Super Hoist	1
82960	Viðvörun – Vélaröryggi	1



Tæknilýsing

Genie Super Hoist 3.8		
Hæð	41 to.	1,04 m
Lengd palls	19 to.	48 cm
Breidd palls	24 to.	61 cm
Breidd undirstöðu, horn í horn	53 to.	1,35 m
Burðargeta	350 pund	158 kg
Lyftihæð	12 fet 5,625 to.	3,8 m
Mál fyrir geymslu/flutning	14 x 14 x 39,50 to.	
	36 cm x 36 cm x 1 m	
Þyngd	64 pund	29 kg
Ráðlagður loftþrýstingur	85 psi	5,86 bör

Genie Super Hoist 5.6		
Hæð	54 to.	1,37 m
Lengd palls	19 to.	48 cm
Breidd palls	24 to.	61 cm
Breidd undirstöðu, horn í horn	53 to.	1,35 m
Burðargeta		
3,8 m/12 fet 5,625 tommur	350 pund	158 kg
5,6 m/18 fet 4,5 tommur	150 pund	68 kg
Lyftihæð	18 fet 4,50 to.	5,6 m
Mál fyrir geymslu/flutning	14 x 14 x 39,50 to.	
	36 cm x 36 cm x 1 m	
Þyngd	69 pund	31 kg
Ráðlagður loftþrýstingur	85 psi	5,86 bör

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Dreift af:

www.genielift.com